

# Starfsleyfi

Dekkjahúsið ehf.

Kt: 640712 - 0150

Leyfi til að starfrækja: **Hjólbarðaverkstæði**  
Aðsetur starfsemina: **Auðbrekka 17, Kópavogur**

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis veitir umbedið leyfi samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

**Leyfið gildir frá 4. febrúar 2013 til 3. febrúar 2025**

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt.

## Gildissvið

Leyfið tekur til reksturs verkstæðis sbr. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum, sbr. og liði 7.16 um verkstæðisaðstöðu og 7.17 um aðra sambærilega starfsemi fyrir vélknúin farartæki í fylgiskjali 2 við sömu reglugerð.

## Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í:

- IV. kafla um húsnæði og lóðir í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.
- III. kafla reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, þar sem fjallað er um að draga úr myndun alls úrgangs, meðferð, geymslu og flutning hans í söfnunar- og móttökustöðvar til förgunar ásamt þrífnað lóðar.
- Auglýsingu nr. 582/2000 um almenn skilyrði vegna mengunarvarna.

## Kröfur er varða mengunarvarnir

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum er varða mengunarvarnir sem fram koma í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir hjólbarðaverkstæði útg. 1 2003 sbr. *Fylgiskjal 1*.

## Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna.

Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Við flutning fyrirtækisins fellur leyfið úr gildi. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Taki nýr rekstraraðili við starfseminni er heimilt að fenginni umsókn, að færa starfsleyfið á nýjan rekstraraðila án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi enda verði engin önnur breyting á starfseminni.

**Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis**  
Gardabær, 13. mars 2013

